

Fundargerð 558

Fimmtudaginn 26. febrúar 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hrunn Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 4), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn undir dagskrárlið 1 og 2, Ása Karlsdóttir (ÁK) formaður endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar, Gunnar Ragnarsson (GR) frá KPMG, Rut Gunnarsdóttir (RG) frá KPMG og Sturla Jónsson (SJ) löggiltur endurskoðandi hjá Grant Thornton.

Formaður setti fund kl. 10:30 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Skýrslur endurskoðenda og endurskoðunarnefndar - til kynningar
 - a. Skýrsla innri endurskoðanda
 - b. Skýrsla ytri endurskoðanda
 - c. Skýrsla endurskoðunarnefndar
2. Ársreikningur Byggðastofnunar 2025 - til afgreiðslu
3. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar
4. Hlutaþrífarsafn Byggðastofnunar - til kynningar
5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til kynningar
6. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
7. Brothættar byggðir, umsókn um aðild - til afgreiðslu
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Samanburður á orkukostnaði heimila - til kynningar
10. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar
11. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Formaður óskaði eftir því að gerð yrði breyting á röðun dagskrár og dagskrárliðir 10 og 11 yrðu teknir á dagskrá á eftir umfjöllun um ársreikning. Var það samþykkt samhljóða.

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Skýrslur endurskoðanda og endurskoðunarnefndar - til kynningar

- a. Skýrsla innri endurskoðanda

Fyrir fundinum liggur skýrsla innri endurskoðunar sem GR og RG kynntu. Fóru þau yfir þær ábendingar sem komu fram í úttekt þeirra. Þegar hefur verið brugðist við flest öllum ábendingunum.

Til máls tóku MH og HGÓ.

GR og RG viku af fundi.

b. Skýrsla ytri endurskoðanda

Fyrir fundinum liggur endurskoðunarskýrsla ársins 2025 sem SJ kynnti. Fór hann yfir vinnu sína við endurskoðun á ársreikningi stofnunarinnar sem heilt yfir gekk vel.

Til máls tóku MH og MS.

c. Skýrsla endurskoðunarnefndar

ÁK flutti munnlega skýrslu um störf endurskoðunarnefndar á árinu.

Endurskoðunarnefnd samþykkti á fundi sínum 24. febrúar sl. að leggja til við stjórn að ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2025 yrði samþykktur.

Til máls tók MH.

2. Ársreikningur Byggðastofnunar 2025 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Byggðastofnunar 2025 sem MH kynnti.

Afkoma ársins 2025 er jákvæð um 590,5 m.kr., eignir í árslok 2025 námu 33,9 ma.kr., skuldir námu 27,3 ma.kr. og eigið fé var 6,6 ma.kr. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 23,35%.

Til máls tóku HÓ, SRH, AME og HGÓ.

Stjórn hrósar stjórnendum og öðrum starfsmönnum stofnunarinnar fyrir afar fagleg og vönduð vinnubrögð sem m.a. fram koma í yfirferðum ytri og innri endurskoðenda og endurskoðunarnefndar.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2025 til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða og sendur í rafræna undirritun.

ÁK og SJ viku af fundi.

3. Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrslu ábyrgðarmanns peningabættis vegna ársins 2025 sem HÁ kynnti.

Enginn tók til máls.

4. Skýrsla Persónuverndarfulltrúa - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa vegna ársins 2025 sem HÁ kynnti.

Enginn tók til máls.

5. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 4 ársfjórðungs 2025 og kynnti MH hana í forföllum umsjónarmanns áhættustýringar.

Eru allar áhættur innan þeirra viðmiða sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar.

Enginn tók til máls.

6. Hlutablefasafn Byggðastofnunar - til kynningar

PG tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti þau fyrirtæki sem Byggðastofnun á hlut í.

Til máls tóku HB, MS, SRH, HGÓ, AME og HP.

PG vék af fundi.

7. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs um vaxtakjör stofnunarinnar. Í starfs- og rekstraráætlun 2026 er kveðið á um umræður um vaxtakjör stofnunarinnar í stjórn í febrúar.

Vaxtamunur Byggðastofnunar er umfram lágmarksviðmið skv. áhættustefnu, sér í lagi hvað varðar óverðtryggð kjör. Verðtryggðu kjörin eru þó undir. Lánveitingar stofnunarinnar eru fjármagnaðar með vaxtamun og lántökum og horfa þarf til þess að þau kjör sem stofnuninni bjóðast eru komin nálægt þeim kjörum sem stofnunin veitir viðskiptavinum sínum. Þarf því að taka til skoðunar hækkun vaxtakjara á næstu mánuðum að öllu óbreyttu.

Lagt er til að nokkrar sviðsmyndir verði teiknaðar upp í minnisblaði ásamt tillögum að endurskoðun vaxtaálaga og lagt fyrir stjórn til afgreiðslu á næsta fundi.

Til máls tóku SRH og HGÓ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

8. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 1/26 - 7/26 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu

...

...

9. Brothættar byggðir, umsókn um aðild - til afgreiðslu

HH kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um þátttöku Tálknafjarðar í Brothættum byggðum, umsókn frá Gerði B. Sveinsdóttur bæjarstjóra Vesturbyggðar og heimastjórn Tálknafjarðar um að Tálknafjörður verði tekinn inn í verkefnið Brothættar

byggðir og samantekt um stöðu og þróun byggðamála í Tálknafirði frá 1998-2025 sem HH kynnti.

Þótt Tálknafjörður skori ekki hæst samkvæmt mælikvörðum byggir val á byggðalögum einnig á öðrum lykilforsendum sem HH reifaði. Tálknafjörður hefur ekki tekið þátt í sambærilegu þróunarverkefni. Bæjarstjórn Vesturbyggðar og heimastjórn Tálknafjarðar hafa sýnt skýran vilja til þátttöku sem styrkir framkvæmdahæfni verkefnisins og eykur líkur á árangri. Þessi áhugi hefur nú verið staðfestur með formlegri umsókn um að Tálknafjörður verði tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir. Á síðustu tveimur árum hefur Tálknafjörður auk þess verið að hækka á mælikvörðum Brothættra byggða og er meðal þeirra byggðarlaga sem skora hvað hæst og hafa ekki verið þátttakendur í verkefninu.

Lagt er til að gengið verði til samninga við Vesturbyggð um þátttöku Tálknafjarðar í verkefninu. Gert er ráð fyrir fimm ára verkefnistíma, eða til ársloka 2030.

Til máls tóku SRH og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

HH vék af fundi.

10. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. janúar 2026 sem AME kynnti.

Enginn tók til máls.

11. Samanburður á orkukostnaði heimila - til kynningar

ÞS tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti nýlega skýrslu Byggðastofnunar og mælaborð um samanburð á orkukostnaði heimila.

Til máls tóku VPÁ, MS og HÓ.

ÞS vék af fundi.

12. Önnur mál

Ábyrgðarsamkomulag InvestEU

AME kynnti að gildandi ábyrgðasamkomulag InvestEU við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) hefur verið fullnýtt í kjölfar mikillar eftirspurnar í lánveitingar stofnunarinnar. Ábyrgðakerfið skiptir sköpum í fjölbreyttum lánaflokkum stofnunarinnar í landsbyggðunum.

Lagt er til að stjórn heimili starfsmönnum að vinna að viðauka við samkomulagið með EIF í þeim tilgangi að koma kerfinu á að nýju.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

13. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 26. mars nk. á Patreksfirði.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:34.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbra Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þór Ásbjörnsson